

Tækni og umhverfisvið Garðabæjar  
Anna María Guðmundsdóttir  
Garðatorg 7  
210 Garðabær

Reykjavík, 9. júní 2022  
UST202203-385/A.B.  
10.04.00

## **Efni: Forkynning – Breyting á aðalskipulagi Garðabæjar 2016 - 2030 og nýtt deiliskipulag - Uppland Garðabæjar, Urriðakotsdalir og Vífilsstaðahraun**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Garðabæjar er barst 31. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um forkynningu á breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016 – 2030, tillögu að deiliskipulagi fyrir útivistarsvæði í Urriðakotsdölum og tillögu á deiliskipulagi fólkvangs í Vífilsstaðahrauni.

Í erindinu kemur fram að aðalskipulagsbreytingin felst í endurskoðun á reiðleiðum og stígum í upplandi Garðabæjar til samræmis við deiliskipulag tillögur og friðlýsingartillögu sem kynntar eru samhliða. Markmið deiliskipulagsins fyrir Urriðakotsdali og Urriðakotshraun er að skilgreina aðlaðandi útivistarsvæði og að á Urriðavelli verði aðstaða til golfiðkunar í hæsta gæðaflokki. Markmið deiliskipulagsins fyrir Vífilsstaðahraun er að skipuleggja svæði til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu samhliða því að vernda jarðmyndanir, gróðurfar, fuglalíf og menningarminjar. Skilgreint er fyrirkomulag göngu- og hjólastíga, fræðslu- og áningarstaða. Veglína Flóttamannavegar er endurskoðuð til að bæta öryggi á veginum. Stofnstígur milli Urriðaholts og Vífilsstaða meðfram Reykjanesbraut verður skilgreindur sem samgöngustígur með aðskilda umferð gangandi og hjólandi.

### **Deiliskipulag fyrir Vífilsstaðahraun**

Umhverfisstofnun bendir á að fuglatalning var seinast gerð árið 2017 og því æskilegt að láta gera nýja fuglatalningu vegna stækkunar votlendissvæða, uppbyggingar o.fl. sem gæti haft áhrif á fuglalíf.

Í greinargerð kemur fram að gerð var úttekt á gróðurfari vegna fyrirhugaðrar stækkunar fólkvangsins í Garðahrauni, Vífilsstaðahrauni og Maríuhellum af Náttúrufræðistofnun Íslands og kemur fram að grastegundin blátoppa finnst á svæðinu.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt auglýsingu nr. 1385/2021 er blátoppa (*sesleria albicans*) friðuð í samræmi við 1. mgr. 56. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013.<sup>1</sup> Í 57. gr. náttúruverndarlaga er fjallað um réttaráhrif friðunar. Þar kemur meðal annars fram að öllum er skylt að sýna sérstaka aðgæslu og forðast að raska svæðum þar sem friðað vistkerfi eða friðaða vistgerð er að finna, að skaða friðaðar tegundir eða raska búsvæðum þeirra.

Markmið friðunarinnar er að vernda og viðhalda fágætum æðplöntum, mosum og fléttum og náttúrulegu gróðurfari og varðveita líffræðilega fjölbreytni í náttúru landsins. Þekktir

---

<sup>1</sup> <https://ust.is/library/sida/Nattura/Pl%c3%b6ntufri%c3%b0un.pdf>

fundarstaðir tegundanna eru fáir hér á landi, tegundirnar eru sjaldgæfar eða mjög sjaldgæfar, með takmarkaða útbreiðslu og teljast vera í hættu samkvæmt valista. Markmið friðunarinnar er jafnframt að tegundirnar geti þrífist og fjölgað sér náttúrulega án íhlutunar og í friði fyrir neikvæðum áhrifum mannsins. Þá er friðunin liður í að stuðla að stöðvun skerðingar líffræðilegrar fjölbreytni.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að ofangreint komi fram í greinargerð.

Í vettvangsferðum Umhverfisstofnunar, Garðabæjar og ráðgjafa, lagði stofnunin til að stofnstígur lægi samsíða götunni til að vernda hraunmyndanir. Umhverfisstofnun hefur bent á verkefni Vegagerðarinnar þar sem stofnstígar fylgja stofnbrautum í þéttbýli þar sem hafa verið settar upp hljóðmanir og öryggi hefur verið tryggt.

Að mati stofnunarinnar mun sú tillaga að stofnstíg, sem er hér til umfjöllunar, hafa neikvæð áhrif á jarðmyndanir í fólkvanginum.

Fyrirhugað er að endurhanna gatnamót Reykjanesbrautar og Urriðaholts. Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að horft sé til þeirrar framkvæmdar, þar sem Urriðaholtshverfi tengist stofnstíg sem er nú þegar til staðar norðan við Reykjanesbrautina.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skilgreind séu bílastæði fyrir Maríuhella á uppdrætti. Einnig bendir stofnunin á að afmörkun skipulagsins ætti að ná yfir allan þann aflagða veg. Auk þess þarf að setja aflagðan veg í skýringar.

Í tillögunni er gert ráð fyrir nokkrum útivistarstígum. Umhverfisstofnun bendir á að það þurfi að fjalla ítarlegar um þverstígana sem tengja stofnstígana saman og markmið þeirra. Að mati Umhverfisstofnunar geta þverstígarnir valdið auknu álagi á gróðurfar, dýralíf og jarðminjar.

Einnig bendir stofnun á að stígurinn austan við Flóttamannaveg ætti að skilgreina sem útivistarstíg, en ekki stofnstíg.

### **Deiliskipulag fyrir Urriðavatnsdali**

Í greinargerð kemur fram að útivistarstígar verði að jafnaði um 2,5 m að breidd og heimilt er að leggja minni og mjórri stíga inn á milli sem falla vel að landi.

Umhverfisstofnun bendir á að útivistarstígar ættu frekar að vera að jafnaði 1-2 metrar á breidd. Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að skilgreina náttúrustíga þar sem það á við, þ.e. stíga sem eru mjórri, fylgja landslaginu og eru með malaryfirborð.

Mikilvægt er að mati Umhverfisstofnunar hvort mögulegt er að verja fleiri hraundranga sem eru á fyrirhuguðum golfbrautum en gert er ráð fyrir á teikningu.

Í greinargerð segir að fráveita á svæðinu sé leidd í rotþrær. Umhverfisstofnun bendir á að betra er að nota orðið hreinsivirki þar sem rotþró er aðeins einn hluti hreinsunar á fráveitu.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
*sérfræðingur*

Agnes Þorkelsdóttir  
*sérfræðingur*

